

Minnisblað

Til: Íþrótt- og tómsbundanefndar
Frá: Margrétu Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómsbundasviðs
Dags. 31. október 2017
Mnr. 2017020028



ÍSAFJARÐARBÆR

Samantekt á beiðnum íþróttafélaga um samninga vegna uppbyggingar íþróttamannvirkja

Fyrir 180. fund íþrótt- og tómsbundanefndar liggja beiðnir frá fimm íþróttafélögum um uppbyggingasamninga vegna uppbygginga íþróttamannvirkja. Í drögum að fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir kr. 12.000.000 í uppbyggingasamninga líkt og árið 2017.

Árið 2017 voru gerðir samningar við Skíðafélag Ísfirðinga, Golfklúbb Ísafjarðar og Skotíþróttafélaga Ísafjarðar.

Þetta eru þau félög sem óskað hafa eftir uppbyggingasamningum:

- Hestamannafélagið Hending óskar eftir samningi til 5-7 ára vegna uppbyggingar keppnisvallar og útiaðstöðu, fyrsta áfanga. Áætlaður kostnaður vegna fyrsta áfanga er kr. 7.200.000.
- Skíðafélag Ísfirðinga óskar eftir 3 ára samningi vegna aðkomu að húsinu á Seljalandsdal, lagfæringu á bílastæði á Seljalandsdal og fjölgun snjógirðinga á Seljalandsdal. Heildarkostnaður þriggja ára er áætlaður kr. 29.582.000.
- Golfklúbbur Ísafjarðar óskar eftir samningi vegna uppbyggingar á golfvelli félagsins og vetraraðstöðu. Óskað er eftir samningi til eins árs upp á kr. 5.000.000.
- Íþróttafélagið Stefni á Suðureyri óskar eftir samningi til kaupa og uppsetningu á útihreystitækjum. Heildarkostnaður er kr. 6.000.000 óskað er eftir kr. 3.000.000 frá Ísafjarðarbæ.
- Blakdeild Vestra óskar eftir samningi til 2 ára til að bæta aðstöðu við strandblakvöll í Tungudal með girðingu, skilti, vatnspósti og leiktæki. Óskað er eftir framlagi frá Ísafjarðarbæ kr. 910.000.

MH